

Fundur 5.2.2024 Katrín Thoroddsen lækni.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Velkomin.*

Finnst mér það gott að komast aftur í sambandið og fann ég góðvild ykkar og hafið þið hjálpað mér mikið í framlífi að hafa bent mér á ýmis atriði sem ég hef nýtt mér og vona ég að allir ættingjar mínir á jörðinni gömlu muni dafna sem best og finn ég að stjórn mála lífið á gamla Íslandi er með erfiðara móti um þessar mundir og hef ég enn áhuga á þeim málum og vona að ég geti sent þeim styrk og orku sem eru í forsvari og öðrum Íslendingum.

Líf mitt á þessum framlífs hnetti er stöðug áskorun og barátta við erfiðleikana og gengur það misvel, en finnst mér það mikilsvert að hafa tekið þátt í fyrstu hjálparleiðöngurum mínum á dimmari svæði hnattarins.

Og er það mjög gefandi, þótt árangurinn sé fyrst í stað lítill, þar sem við getum ekki hætt okkur langt út á þau svæði, við sem erum nýbyrjuð í þessu starfi og lendum í margvíslegum hremmingum og erfiðleikum sem bjuggumst ekki við, en hef fulla trú á því að það fari allt batnandi með tímanum.

Er það mjög gefandi að geta hjálpað öðrum og er það einmitt dýrmætt að geta notað tengsl sín og kunningskap og þekkingu á landslaginu til þess að fara til þeirra staða þar sem fólk þarf á hjálp að halda og hjálpar er krafist.

Og er það einnig mjög ánægjulegt að geta notað sérfræði þekkingu sína og,

*Ert þú Katrín ?*

Já, já.

*Verlkomín Katrín.*

Takk fyrir, takk fyrir.

*Þú ert að fara á svæðin sem þú varst áður á ?*

Já, já. Þakka ég fyrir.

Já ég er að fara á svæðin og þetta er aðeins ný byrjað.

Og já hafið tekið mér vel og ýmislegt sem ég heyrði hjá ykkur, vakti mig til skilnings og áhuga á þessum málefnum og eins og ég sagði áður, hélt ég að það hefðu verið englar sem hjálpuðu mér yfir á annað landsvæði á þessum hnetti, en hef ég nú komist að því að það var bara venjulegt fólk, sem að vísu hafði yfir farartækjum að ráða og orku.

Og hef komist í nánari kynni við þau, já ég, það var ekki laust við það að ég hefði heyrt um dr. Helga Pjeturss og að ég hefði lesið eitthvað eftir hann í tímaritum, en það var nú býsna fjarri mínum sérgreinum að leggja trúnað á slíkt og stjórn mála skoðanir mínar og félagsskapur var þess eðlis að þar voru nú ýmsir sem litu á hann eitthvað sem skrítninn mann he he he.

En hér í framlífi hef ég endurmetið þetta og þótt ég hafi ekki aðgang að neinum svona ritum, þá eru þessir aðilar sem hjálpa okkur fróðir um ýmis svona atriði og ekki laust við það að ég hafi áttað mig á þessu er ég kom hingað yfir, en það truflar mikið að lenda í félagsskap fólks sem er ósammála um hin einföldustu atriði og er með hinar furðulegustu skýringar, þannig að hugurinn verður þokukennður, og hjátrúar fer að gæta að nýju og ótta og að maður telji þetta refsingu sem sé réttmæt að lenda í erfiðleikum hér í framlífi.

Já ég gerði mér það að vísu ljóst er ég hingað kom að þetta væri framlífs hnöttur og að þetta væri líkamleg tilvera og rifjaðist þá ýmislegt upp sem ég hafði þó áttað mig á í frumlífi á gömlu jörðinni, en já ég var heppin að tilheyra þjóð.

En löng var þrautagangan á þessum hnetti og hef ég hér fengið að sjá og skynja að mörg eru þau framlífs mannkynin sem fara á helstefnu brautina, þar sem óvildin á milli kynjanna magnast, en ekki kærleikurinn og mun það því vera rétt að allir þeir sem með lífi sínu og starfi boða ranga kenningu, munu þurfa að gjalda þess á einhvern hátt í framlífi, hafi það skaðað einstaklingana og enn fremur hafi það skaðað fjöldann, hafi maður verið í áhrifa stöðu.

Já ég er komin á framfara brautina og nýt hér góðra vina og annarra að og hjálpa hér börnum eins og ég hafði lært.

Glími ég við nokkur vandamál sem ég ekki sagði ykkur frá í fyrri samböndum, en tel ég rétt að fara út í það að þessu sinni, þar sem svipuð vandamál koma upp á ykkar gömlu frumlífs jörð, hef ég heyrt, þar sem fólk er að skaða sig sjálft.

Hef ég hér reynt að eignast afkvæmi með nýjum manni sem ég sagði ykkur frá og er líkami minn allur að gróa og taka við sér, en hafði ég á fyrstu árum mínum í þessu framlífi skaðað mig, líkama minn, sjálfa mig, þannig að þarf ég lækninga við, þannig að þetta takist fullkomlega.

Og veit ég að íslenska þjóðin mun standa með mér og senda mér orku, þegar þjóðfélagið mun taka við sér og taka rétta stefnu í þessum málum og fólk fer að hætta að skaða sig með kynbreytandi efnum og aðgerðum.

En hefur mér verið sagt að ég muni fá fulla lækningu á þessum hnetti, en fer vaxandi orkan eftir því sem ég umgengst meira þau sem komin eru á lífstefnu brautina og hjálpa öðrum hér á myrkari svæðum hnattarins.

Er þetta spennandi verkefni og þakka ég ykkur fyrir að koma með spurningar og athugasemdir sem hreyfðu við mér og þrái ég nú ekki lengur að deyja af þessum hnetti, heldur sé ég fram á það að líf mitt geti haft einhvern jákvæðan tilgang hér og stefni í rétta átt.

Er það margt annað sem ég ætlaði að koma inn á en,

*Þú kemur bara aftur.*

Já, mun þetta næga í bili og þakka ég fyrir, vil ég gjarnan efla stjórn málin hjá ykkur, því ég finn mikla samkennd með fólki sem lifir samkvæmt þeim kenningum sem ég hélt fram og veit ég að margir munu efast um erindi mitt, en það mun þó sannast sem rétt og satt erindi með tímanum, hversu langan tíma sem það mun þó taka.

Verið þið sæl og þakka ykkur fyrir.

*Þakka þér fyrir komuna og vertu sæl og blessuð.*